

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Elsa María Guðmundsdóttir, Leifur Guðni Grétarsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri.

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir, Oddur Örnólfsson, Hilmar Örn Jónasson, Hörður Oddfríðarson ritari.

Fundur 21.01 2021 settur kl. 18.00. Fundurinn var fjarfundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

2. Mót og starfsemi

- a. RIG – Verður haldið helgina 5 – 7. febrúar. Mikil vinna hefur átt sér stað um að sækja um undanþágu vegna fjöldatakmarkanna sem er 50 manns sem stendur. Þessar beiðnir eru m.a vegna þess að leyfilegur fjöldi í sundlaugum er mun hærri en í keppnum. SSÍ hefur sótt um nokkrar undanþágubeiðnir beint til Heilbrigðisráðuneytis og einnig í gegnum ÍSÍ. Beðið er eftir svörum frá ráðuneyti. Búið er að teikna upp ótal sviðsmyndir byggðar á hvort, og þá hvernig, undanþágubeiðni fæst en það verður mjög flókið að halda mótið með 50 manna hámarkinu þó svo að það verði gert. 203 keppendur frá 15 liðum skráðir til leiks.
- b. SSÍ þurfti að skila 6,75 milljónum vegna styrkja til ÍSÍ fyrir mót sem ekki voru haldin á ári 2020. SSÍ fékk úthlutað 42,2 milljónum fyrir árið 2021 sem er hæsta upphæð sem sambandið hefur fengið. Áætlun ársins er byggð á væntanlegum verkefnum en tíminn verður að leiða í ljós hvaða verkefni fara fram.
- c. Rætt var um dagssetningu á sundþingi og hvernig það getur farið fram. Best er ef hægt er að halda þingið með þátttakendum í sal. Formaður, ritari og starfsmenn SSÍ munu hittast fyrir næsta stjórnarfund og koma með tillögur.
- d. Afmælisár – Afmælislógo lagt fyrir og samþykkt. Boðaður verður fundur í afmælisnefnd til að fara yfir næstu skref.

3. Afreksmál

- a. Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða fór yfir fyrirhugaða dagskrá vegna æfingadaga landsliða. Starfið er þegar hafið og búið að plana dagskrá út sundárið. Eins og gefur að skilja þá er dagskráin breytingum undirorpin.
- b. Atburðadagatal hefur verið uppfært og er, sem fyrr, lifandi skjal og allar meiriháttar breytingar verða tilkynntar sérstaklega.
- c. Afreksstefna -- Eyleifur fór yfir grunn að afreksstefnu sem ber vinnuheimtið „Syndum til sigurs“. Lögð verður mikil áhersla á að fá sjónarmið þvert á hreyfinguna við gerð stefnunnar.

4. Fundargerðir nefnda

- a. Engar fundargerðir lágu fyrir fundinum.

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Jóhanna Gerða Gústafsdóttir	Sd. Fjölnis	Sd. Ármanns	21.12.20	20.01.21
Sunna Arnfinnsdóttir	Sd. Ármanns	Sd. Ægis	05.01.20	05.02.21
<i>Staðfest</i>				

6. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
a. 28.12.2020	Niðurfelling SSÍ vegna 2020	ÍSÍ
b. 28.12.2020	Afrekssjóður 2021	ÍSÍ
c. 06.01.2020	ITC online procedure guide	LEN
d. 06.01.2020	Len Congress minutes	LEN
e. 18.01.2020	Vorfjarnám ÍSÍ	ÍSÍ

7. Önnur mál:

- a. Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fundi slitið kl. 19:45